

# Fundargerð 70. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 18. janúar kl. 10:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga\_ stjórn 2022 - 2024 - 2210001SU**

Ný stjórn skiptir með sér verkum í samræmi við 10.grein samþykkt samtakanna.

Tillaga formanns vegna verkaskiptingar er að Íris Róbertsdóttir verði varaformaður og Fannar Jónasson áfram gjaldkeri samtakanna. Rætt um að í samþykktum komi þó ekki fram hvaða embætti skuli skipað í. Stjórn sammála um að leggja fyrir breytingu þar að lítandi á samþykktum samtakanna fyrir næsta aðalfund samtakanna.

Tillaga formanns um verkaskiptingu stjórnar samþykkt samhljóða.

### 2. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorfundur 2023 - 2211004SU**

Fram er komin hugmynd um að halda vorfund samtakanna vorið 2023 á Austfjörðum. Ákveða þarf nánari tímasetningu og staðsetningu.

Samþykkt að halda vorfund dagana 11. og 12. maí 2023 á Austurlandi. Formanni og starfsmanni falið að vinna drög að dagskrá vorfundar og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

### 3. **Fiskeldissjóður 2022-2026 - 2301002SU**

Þann 9.janúar 2023 hélt stjórn Fiskeldissjóðs fund með fulltrúum sveitarfélaga þar sem kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins.

Formaður og aðrir fulltrúar úr stjórn er sátu fundinn fóru yfir umræðu á fundinum með stjórn Fiskeldissjóðs.

Stjórnin áréttar stuðning sinn við stefnumörkun sambands sveitarfélaga 2022-2026 um að Fiskeldissjóður verði lagður niður og sveitarfélögum tryggður beinn tekjustofn af fiskeldi. Mikilvægt er að þeirri vinnu ljúki á þessu ári og Alþingi afgreiði það fyrir lok þessa árs.

**4. Kynningarmál Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2211003SU**

Á aðalfundi samtakanna sem haldinn var þann 12.10.2022 fór fram umræða um að kynna þurfi samtökin fyrir þeim sjávarútvegssveitarfélögum sem ekki eru nú þegar innan végbanda samtakanna.

Lögð fram drög að kynningarbréfi til sveitarfélaga sem ekki eru þegar í samtökunum.

*Stjórn sammála um að fyrir næsta aðalfund verði lögð fram tillaga að breytingu á samþykktum svo skýrt sé að samtökin vísi einnig til sveitarfélaga þar sem landeldi er stundað.*

*Stjórnin samþykkir efni kynningarbréfsins og formanni og starfsmanni falið að senda það út til sveitarfélaga sem falla undir 2.gr.samþykktu samtakanna.*

**5. Frumvarp til laga um br. á lögum um veiðar á fiskveiðilandhelgi Íslands (aflvísir)- óskað umsagnar - 2212002SU**

Lagt fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Frumvarp til laga um br. á lögum um stjórn fiskveiða(rafvæðing smábáta)- óskað umsagnar - 2212001SU**

Lagt fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

Fundi var slitið kl. 11:00